



# ÁRSSKÝRSLA ÁLFABORGAR 2021-2022



*Í samræmi við 5. grein laga nr 90 um leikskóla frá árinu 2008 ber leikskólastjóra að gefa árlega út formlega ársskýrslu þar sem skólanefnd, skólaráði og sveitarstjórn er gerð grein fyrir starfsemi leikskólans. Ársskýrslan á að taka mið af skólanámskrá og starfsáætlun.*

**Svalbarðsstrandarhreppi, júní 2022**  
**Margrét Jensína Þorvaldsdóttir skólastjóri Álfaborgar**

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

## Efnisyfirlit

Formáli.....	4
Álfaborg – tölulegar upplýsingar.....	4
Barnahópurinn.....	4
Mannauður.....	5
Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps – stefna Álfaborgar.....	6
Uppbyggingarstefna - Uppeldi til ábyrgðar .....	6
Einkunnarorð - gildi.....	7
Umyggja .....	7
Virðing.....	7
Metnaður.....	7
Gleði .....	7
Mat á skólastarfi.....	7
Mat á innra starfi.....	7
Starfsmannakönnun Skólapúlsins.....	8
Foreldrasamtöl.....	8
Starfsáætlun skólaársins 2021-2022 – hvernig gekk.....	8
Nýbreytni og þróunarstarf.....	8
Stjórnendateymi Álfaborgar - samráðsfundir.....	8
Samráðsfundir í Álfaborg .....	8
Samráðsfundir Álfaborgar/Valsárskóla.....	9
Sérkennsla/stoðþjónusta.....	9
Skóladagatal.....	9
Helstu alþjóðlegu/íslensku viðburðir skólaársins.....	10
Sumarleyfi barna og starfsmanna.....	10
Þróunarstarf og símenntun .....	10
Símenntunaráætlun .....	10
Helstu áherslupættir símenntunar skólaárið 2021-2022:.....	10
Sóttvarnir, veikindi og samkomutakmarkanir.....	12
Foreldrafélag.....	12
Stjórn foreldrafélags Álfaborgar 2021-2022.....	12
Áheyrnarfulltrúi foreldra Álfaborgar í skólanefnd .....	12
Fulltrúar í skólaráði .....	12

## Formáli

Ársskýrsla þessi gerir grein fyrir starfi Álfaborgar skólaárið 2021-2022. Einnig er gerð grein fyrir samsetningu barnahópsins og mannauði sem leikskólinn býr yfir. Sömuleiðis er greint frá hvernig staðið var að stoðþjónustu, samstarfi við foreldra, starfsþróun kennara, mati á skólastarfi, samráðsfundum, öryggismálum og öðru er varðar húsnaði og viðhald skólahúsnaðis og lóðar. Gerð er grein fyrir þeim gagnaöflunarleiðum sem farnar voru til að meta starfið og hvernig unnið var úr gögnunum. Greint er frá helstu niðurstöðum Skólaláttamálsins, nýbreytniverkefnum og framgangi þeirra.

Gerð er grein fyrir áhrifum Covid-19 á skólastarfið, sem takmarkaði um margt hefðbundið starf og hafði þá fyrst og fremst takmarkandi áhrif á samkenndu við grunnskólann og skerti einnig mjög eldhúspjónustu við Álfaborg vegna hertra sóttvarna milli skólanna. Fyrri hlut skólaársins einkenndist þannig af hertum samkomutakmörkunum og seinni hlutinn af veikindum barna og starfsfólks. Þessa gætti mest þegar sóttvörnum var aflétt í febrúar og skall þá á mikil hrina veikinda og veiktust allir starfsmenn af Covid. Einnig voru mikil forföll meðal barnanna, bæði af völdum Covid og svo annarra umgangspæsta sem legið höfðu í dvala undanfarnin tvö ár.

Við lítum björtum augum á lífið og tilveruna og við hlökkum öll til að geta tekið upp eðlilegt skólastarf í samstarfi við börnin og ykkur foreldrar góðir, nú eftir sumarlokun.

## Álfaborg – tölulegar upplýsingar

Ljóst er að barnahópurinn í Álfaborg fer ört stækkandi. Nú höfum við fest okkur í sessi sem leikskóli II en viðmiðunarmörk eru 34+ nemendur. Þetta númerakerfi leikskóla hefur fyrst og fremst í för með sér aukinn stjórnunarkvóta fyrir staðgengil skólastjóra. Í haust verða börnin 38 ef fram fer sem horfir. Þessi fjölgun kallar á aukið stöðugildi þar sem mönnun miðast við fjölda og aldur barnanna hverju sinni. Hér á eftir er yfirlit sem varpar frekara ljósi á þetta.

### Barnahópurinn

Í Álfaborg voru að jafnaði 33-37 nemendur í tveimur deildum í þremur heimastofum. Fyrri talan á við haustmisseri og sú seinni á við vormisseri. Á Hreiðri, ungbarnadeildinni, voru 7-10 börn á aldrinum 9-18 mánaða. Á Lundi, eldri deildinni, voru 26-27 börn á aldrinum 2-5 ára. Börnunum á Lund var skipt niður í tvær heimastofur; Kvist og Rjóður. Á Kvisti voru að jafnaði 11 börn á aldrinum 2-3 ára og í Rjóðri voru 3-5 ára börnin, 15-16 talsins. Haustið 2022 munu alls 38 börn hefja leik og störf í Álfaborg að öllu óbreyttu.

### Mannauður

Leikskólinn Álfaborg er nokkuð ríkur af vel menntuðu og reynslumiklu starfsfólki en uppfyllir engu að síður ekki ákvæði laga nr. 95/2019 um að 2/3 hlutar starfsfólks miðað við stöðugildi hafi leyfisbréf kennara, en nú eru 2/3 starfsfólks við kennslu án leyfisbréfs. Þá má nefna að einn leiðbeinandi mun ljúka meistaranámi frá HA vorið 2023, annar lauk B.Ed. prófi í sömu grein nú á vordögum og sú þriðja lauk 1. ári í sama fagi nú í vor. Að auki lauk einn

leiðbeinandi leikskólaleiðaprófi frá Símei á árinu. Það má því segja að mikill metnaður til náms ríkir almennt í starfsmannahópnum. Eins og sjá má, hér að neðan, þá voru miklar mannbreytingar um áramót og um leið fjölgaði börnunum í skólanum og veikindahrina v. Covid og influenzu gekk yfir í starfsmannahópnum.

Við Álfaborg störfuðu í vetur að jafnaði 12 starfsmenn í 9,1 stöðugildi. Þar af var 1,2 stöðugildi til afleysinga vegna undirbúningstíma starfsmanna, en samkvæmt kjarasamningum eru undirbúningstímar nú alls 48.5 klst. á viku (miðað við stöðuhlutfall í skólanum) til undirbúnings starfsins. Einnig er innifalið í þessum 9 stöðugildum 1 stöðugildi vegna allra annarra afleysinga

og 0,2 stöðugildi vegna skólasetu tveggja starfsmanna, en þær voru á 3. og 5. ári við Háskólann á Akureyri í leikskólakennaranámi. Sérkennslustjóri, Þórdís Eva Þórólfsdóttir, sinnti sérkennslu í 0,2 stöðugildi og annaðist allt skipulag og umsjón með sérkennslu.

Starfsmenn við umönnun og kennslu voru, að frádregnum alfleysingastöðum, eða samkvæmt svokölluðum barngildum, samtals 6,5 stöðugildi. Laust upp úr áramótum fjölgaði börnum um rúm 10%, eins og kemur fram hér að ofan, og voru þau allflest í aldurshópnum 9-18 mánaða, svo ekki varð hjá því komist að bæta við 50% stöðu f.h. á ungbarnadeildinni. Sú staða var mestmegnis tekin af afleysinga kvóta leikskólans og við það urðu áskoranir, sem m.a. sköpuðust vegna veikinda starfsmanna á vormisseri, töluverðar og koma m.a. til þess að við þurftum að senda börn heim vegna manneklu. Einnig tóku hlutastarfsmenn að sér yfirvinnu og skólastjóri var bundinn við „reddingar“ á deildum og í uppvaski í eldhúsi. Staða skólastjóra; Margrétar Jensínu, er ekki talin með í barngildaútreikningi. Ewa Sienda sá um ræstingu með miklum ágætum. Við deilum svo námsráðgjafa, matráði og húsverði með Valsárskóla. Í töflunni hér að neðan má sjá hvernig hlutverk, stöðugildi og menntun starfsmanna skiptist:

<i>Starfsheiti</i>	<b>Starfs hlutfall</b>	<i>Menntun</i>
Skólastjóri	100%	M.Sc. í forystu og stjórnun menntastofnana, leiksk.kennari
Deildarstjóri, staðgengill skólastjóra	100%	Leikskólafraeði, leyfisbréf leikskólakennara
Sérkennslustjóri, sérkennsla	20%	Leikskólafraeði M.Ed., leyfisbréf allra skólastig
Deildarstjóri	100%	Leikskólafraeði B.Ed., án leyfisbréfs - hóf störf á vormisseri
Leikskólakennari	80%	Leikskólafraeði M.Ed., leyfisbréf allra skólastig
Leikskólakennari	50%	Leikskólafraeði B.Ed. án leyfisbréfs
Leikskólaleiðbeinandi með háskólapróf	80%	Tónlistarmenntun, lét af störfum uppúr áramótum
Leikskólaleiðbeinandi með háskólapróf	100%	Háskólamenntun x2 M.A. frá háskóla í Póllandi

5

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

Leiðbeinandi x2	200%	Grunnskólapróf
Leiðbeinandi	80%	Iðnmenntun, leggur stund á leikskólaliðanám
Leiðbeinandi, föst afl. v. undirbúnings	100%	Stúdentspróf

Leiðbeinandi, föst afl. v. undirbúnings	40%	Á 3ja ári í leikskólafræði, veikindaleyfi á vormisseri
Leiðbeinandi, föst afl. v. leyfa/forfalla	100%	Stúdentspróf, hóf störf á vormisseri, tók við starfi Svetu
Leiðbeinandi	30%	Á 3ja ári í leikskólafræði – hóf störf á vormisseri
Matráður	50%	Matreiðslumeistari, í 50% starfi við Valsárskóla)
Aðstoð í eldhúsi	40%	Matartæknir, í 40% starfi við Valsárskóla
Umsjónarmaður fasteigna	20%	Iðnmenntun, í 20% starfi við Valsárskóla og 60% hjá sv.f.
Náms- og starfsráðgjafi	10%	Námsráðgjöf, jákvæð sálfræði, í 10% starfi við Valsárskóla
		<i>(Skólastjórn, sérkennsla, náms- og starfsráðgjöf, eldhús, húsvarsla, afl. v. undirb. og veikinda telst utan barngilda)</i>

## Skólafestna Svalbarðsstrandarhrepps – stefna Álfaborgar

Skólafestna Svalbarðsstrandarhrepps nær til leikskólans Álfaborgar og grunnskólans Valsárskóla. Hver skóli markar eigin skólafestnu í samræmi við lög, reglugerðir, Aðalnámskrá leikskóla og stefnu sveitarfélagsins. Við samningu skólanámskrár Álfaborgar er skólafestna sveitarfélagsins höfð að leiðarljósi, ásamt sameiginlegri stefnu leik- og grunnskólans sem byggir á Uppbyggingarstefnunni og Uppeldi til ábyrgðar. Vinna að skólanámskrá Álfaborgar er hafin og stefnt er að því að ljúka henni á haustmisseri 2022. Ætlunin er að starfsmenn komi allir að þessari vinnu svo við höfum gefið okkur rúman tíma. Eins og áður sagði byggir skólanámskráin okkar á stefnu sveitarfélagsins, Barnasáttmálanum (í tengslum við Barnvænt samfélag), Aðalnámskrá leikskóla og grunnskólans, lögum um leikskóla og reglugerðum þar að lútandi.

### Uppbyggingarstefna - Uppeldi til ábyrgðar

„Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsgaga“ er stefna sem felur í sér að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsgaga. Aðferðin ýtir undir ábyrgðarkennd og að börn átti sig á

6

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

styrkleikum sínum og þörfum. Einnig er áhersla á að þau læri af mistök sínum og nýti reynsluna á jákvæðan hátt. Stefnan er einnig verkfæri fyrir starfsfólk skóla í samskipta og agamálum. Nánari upplýsingar um uppbyggingarstefnuna má finna á síðunni: <https://uppbygging.is/>

### Einkunnarorð - gildi

Einkunnarorð Álfaborgar/Valsárskóla eiga að endurspeglast í öllu skólafestni og í öllum samskiptum og eru þau eftirfarandi:

### Umyggja

Við leggjum áherslu á að allir sem starfa við Álfaborg og Valsárskóla sýni umhyggju í verki, vinsemd, skilning og vilja til að hjálpa. Við sköpum örugg tengsl með því að sýna umburðarlyndi og kærleika í anda uppbyggingarstefnunnar. Við sýnum hvert öðru áhuga, hrósum, samgleðjumst öðrum og sýnum samhug.

## **Virðing**

Í Álfaborg og Valsárskóla mætum við ávallt hvort öðru með virðingu, þó að við séum ólík, af ólíkum uppruna, með mismunandi skoðanir og í ólíkum hlutverkum. Við erum öll mikilvæg og nám okkar og störf skipta máli. Við sýnum umhverfinu okkar, efniviði, verkum og eigum okkar og annarra virðingu. Við temjum okkur að tala ávalt vel um annað fólk og okkur sjálf.

## **Metnaður**

Í Álfaborg og Valsárskóla leggjum við áherslu á að allir geri ávallt sitt besta og séu virkir í námi og starfi. Markið er sett hátt og við höfum trú hvert á öðru. Við styðjum við eðlislæga forvitni og uppgötvunarnám, við erum viðsýn í vali á náms- og kennsluáðferðum. Nemendur og starfsfólk styðja hvert annað til að allir nái góðum árangri. Lögð er áhersla á framfarir í samræmi við eigin forsendur. Við þurfum ekki að vera best en við gerum ávallt okkar besta.

## **Gleði**

Í Álfaborg og Valsárskóla ríkir gleðin í daglegu amstri, jafnt í vinnu sem leik. Gleðin endurspeglast í samskiptum sem einkennast af vinskapi, umburðarlyndi og friðsemd. Við leggjum okkur fram um að vera jákvæð gagnvart verkefnum og horfa á björtu hliðarnar. Við höfum alltaf val um hvernig við ætlum að takast á við aðstæður og hvaða viðhorf við tileinkum okkur til annarra. Við höfum gleðina að leiðarljósi en gerum okkur jafnframt grein fyrir því að aðstæður eru misjafnar og við ólík - öll getum við átt erfiðan dag.

## **Mat á skólastarfi**

Stjórnendur tóku þá ákvörðun á síðastliðnu skólaári, og þá sérstaklega á vormisseri, að leggja höfuðáherslu á að tryggja að skólastarf héldist með eðlilegum hætti og þar sem mikil mannekla var viðvarandi á vormisseri kom það niður á formlegu mati á skólastarfinu svo ekki gafst tími til að meta þær umbætur sem farið var í skv. umbótaáætlun sem fylgdi ársáætluninni fyrir skólaárið. Starfsmannakönnun sem var á könnu Vísa ehf var lögð fyrir starfsmenn í mars síðastliðnum.

## **Mat á innra starfi**

Á grundvelli laga um leikskóla ber að meta starfið með kerfisbundnum hætti. Að jafnaði er stuðst við fjölbreyttar leiðir í mati og leitast við að fá fram sjónarmið sem flestra í skólasamfélaginu. Gögnin sem innra matið var byggt var fyrst og fremst byggt á niðurstöðum starfsmannakönnunar Skólapúlsins frá í mars 2021 og foreldrasamtölum sem fóru fram í október 2021 og í mars 2022

7

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

## **Starfsmannakönnun Skólapúlsins**

Könnunin fór fram í mars og svöruðu 90% könnuninni. Könnunin tók til yfir 20 almennra þátta þar sem meðal annars var spurt um vinnuálag og áskoranir í starfi, starfsanda og stuðning frá farstarfsfólki og yfirmanni, ásamt því að meta hvort forysta skólastjóra væri væri sanngjörn og valdeflandi. Sömuleiðis var spurt um samstarf í leikskólanum og virka samræðu um fagstarfið, aðgengi að sérfræðingum utan skólans, undirbúningstíma og tilhögun þeirra. Spurt var um þátttöku í þróunarstarfi, símenntun o.fl. Að síðustu stóð til boða að skrifa athugasemdir um veikleika og styrkleika starfsins og annað það sem kom við starfsánægju og gleði.

Niðurstöður starfsmanna könnunnarinnar voru afar jákvæðar og sýnir glögglega hve

starfsmenn ganga glaðir til vinnu þrátt fyrir margvíslegar áskoranir. Að jafnaði var jákvæður marktækur munur á niðurstöðunum þegar þær eru bornar saman við landið. Smá bakslag kom fram frá fyrri könnun sem gerð var á sama tíma í fyrra og tengdist það helst auknu álagi og tímaleysi til skipulagningar starfsins.

### **Foreldrasamtöl**

Niðurstöður úr foreldrasamtölum voru einnig almennt mjög jákvæðar og einkenndust af velvilja og skilningi foreldra á þeim áskorunum sem við höfum öll mætt af völdum faraldursins og samkomutakmarkana. Ánægja kom fram með hvernig var staðið að sóttvörnum og almennt hvernig var staðið að daglegu starfi í skólanum.

### **Starfsáætlun skólaársins 2021-2022 – hvernig gekk**

Leikskólanum ber að gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólalagd hvers leikskóla. Áætlunin er unnin í nánú samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra - vegna Covid hefur aðkoma foreldra þó verið mjög takmörkuð. Þar gefst einnig tækifæri til að ræða árlega þá þætti sem framangreindir aðilar telja mikilvæga og eru ánægðir með og jafnframt þá þætti sem þeir telja að megi bæta. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs/skólaráðs áður en skólanefnd, kjörin af sveitarstjórn, tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu þáttum skólastarfsins tengt uppeldi, menntun og stjórnun.

### **Nýbreytni og þróunarstarf**

Á vomisseri hefur leikskólinn tekið þátt í þróunarverkefni sem okkur bauðst þátttaka í, stýrt af Írisi Hrönn frá Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Verkefnið byggir fyrst og fremst á að byggja upp traust í starfsmannahópnum og gera allar boðleiðir skýrari, jafnt innan leikskólans sem og á deildum – með það að markmiði að bæði starfsmenn, börn og foreldrar nytu góðs af. Hver deild skipaði hvert teymi og þar voru unnin verkefni sem Íris handleiddi teymisstjórnara í og þeir leiddu svo hver sitt teymi í þessari vinnu. Verkefnið er til þriggja ára og hefur þegar skilað árangri að mati stjórnenda og starfsmanna.

### **Stjórnendateymi Álfaborgar - samráðsfundir**

Í stjórnendateymi eiga sæti, auk skólastjóra, deildarstjórar og sérkennslustjóri

#### **Samráðsfundir í Álfaborg**

-*Starfsmannafundir* voru að jafnaði 4x á misseri eftir skólatíma, þ.e. kl. 16:00-18:00.  
-*Stjórnendateymi leikskólans fundaði* 1x í viku á skólatíma, féllu þó alloft niður v. manneklu. Sæti í stjórnendateymi eiga að jafnaði deildarstjórar, heimastofustjórar og skólastjóri, auk sérkennslustjóra sem situr fundina eftir þörfum.

8

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

-*Deildarfundir*, 30-45 mínútur, voru vikulega á skólatíma þegar mönnun í húsi gerði það kleift, þar eiga allir starfsmenn deildar sæti auk þess sat sérkennslustjóri deildarfundu eftir þörfum. Til að koma þessum fundum við annaðist skólastjóri og starfsmenn hinnar deildarinnar öll börnin í útiveru á meðan.

-*Ör-stöðufundir stjórnenda vikulega*, á mánudögum (5 mín. ef hægt var); skólastjóri skipuleggur mönnun deilda og starfið í samráði, deildar- og stofustjórar hafa umsjón með daglegu starfi í skólanum og annst verkstjórn á sinni deild.

#### **Samráðsfundir Álfaborgar/Valsárskóla**

*Samráðsfundir Krummastjóra og umsjónarkennara 1.-2. bekkjar í Valsárskóla Nú á vordögum var sett niður áætlun um skipulegt samráð milli Álfaborgar og Valsárskóla, fyrst og fremst til að formgera starfið næsta skólaár, þ.e. samstarfið milli skólastiga og sameiginlegar stundir Krumma (5 ára) og 1.-2. bekkjar Valsárskóla. Auður og Guðfinna vinna saman með börnunum kl 8-13 alla mánudaga næsta skólaár. Fyrst og fremst snýr samkennslan um Leik að læra, íþróttakennslu og tónlistarforskólann. Spóarnir (4 ára) taka einnig þátt í sameiginlegum útiskóla á miðvikudögum. Einnig er ætlaður samráðstími kennaranna tveggja til að meta framgang verkefnisins, samstillta verkferla, samhæfa stundaskrár og finna nýjar leiðir.*

### **Sérkennsla/stoðþjónusta**

Leikskólanum ber að taka tillit til þarfa hvers og eins barns svo það fái notið bernsku sinnar og skóladvalar. Taka þarf sérstakt tillit til barna sem glíma við tilfinninga- og/eða félagslega erfiðleika. Um áramót 2020-2021 fékk leikskólinn samþykktu stöðu sérkennslustjóra í 20% starfshlutfalli til að koma betur til móts við börn sem glíma við slíka erfiðleika auk þess sem hlutfall tvítyngdra barna hefur verið afar hátt í Álfaborg.

Foreldrar sem óskuðu eftir sértæku úrræði eða greiningu fyrir börn sín nutu stuðnings sérkennslustjóra og sérkennsluráðgjafa (frá skólaskrifstofu Akureyrarbæjar) með útfyllingu beiðna um slíkt og sá sérkennslustjóri um að fylla út og fylgja eftir slíkum beiðnum í samráði við foreldra. Allnokkur börn áttu við framburðar- og hljóðgreiningarvanda að etja og sá sérkennslustjóri að jafnaði um þjálfun þeirra, auk þess sem talmeinafræðingur kom í reglulegar heimsóknir þegar Covid leyfði. Túlkur var ávallt kallaður til þegar fundað var með foreldrum tvítyngdra barna en þau voru 20% barnahópsins í Álfaborg.

Álfaborg hefur þannig nokkra sérstöðu sem tvítyngisskóli ásamt leikskólanum Iðavelli á Akureyri en þar eru 26% barna tvítyngd. Sérkennslufulltrúi frá skólaskrifstofu Akureyrarbæjar sat einnig nokkra slíka fundi með foreldrum. Eins og áður sagði þá kom sérkennslufulltrúi, sálfræðingur og talmeinafræðingur frá Akureyrarbæ til að sinna frumgreiningu vegna nokkurra barna og voru okkur og foreldrum einnig innan handar við skipulagningu sérkennslu og þjálfunar. Alls nutu 13 börn sérstakrar kennslu og þjálfunar; átta vegna frávika í framburðar og/eða hljóðgreiningu og sjö börn nutu sérstakrar kennslu vegna tvítyngis.

Skipulögð foreldrasamtöl eru 1x á misseri en alltaf er hægt að óska eftir viðtali, hvort heldur sem er við skólastjóra, sérkennslustjóra og deildarstjóra. Einnig er hægt að panta viðtal hjá ráðgjafanum okkar, henni Þuríði Lilju Rósenbergsdóttir, hvort heldur sem um er að ræða ráðgjöf um foreldrahlutverkið eða mál tengd börnunum. Stjórnendur, starfsmenn og börn geta einnig fengið ráðgjör hjá Þuríði.

### **Skóladagatal**

Öll heimili geta nálgast skóladagatal á vefsíðu skólans í júní ár hvert á slóðinni: [Skóladagatal 2022-2023](#). Einnig er hægt að hlaða dagatalinu niður svo hægt sé að koma því

9

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

fyrir á ísskápshurðinni heima. Skipulagsdagar skólaársins eru fimm talsins og voru eftirfarandi: Á haustmisseri 2021 voru skipulagsdagar 17. ágúst og 20. október. Á vorönn 2022 voru þeir 4. janúar, 1. mars og 27. maí.

### **Helstu alþjóðlegu/íslensku viðburðir skólaársins**

Auk skóladagatala er mánaðarskipulag hvers mánaðar fyrir sig birt á heimasíðu og útprentað í



forstofum. Þar koma fram allir uppákomudagar, dæmi um fasta uppákomudaga: Dagur læsis 8. september. Dagur íslenskrar náttúru 16. september. Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október. Hrekkjavaka. Baráttudagur gegn einelti 8. nóvember. Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember. Fullveldisdagurinn 1. desember, og þá er tundrað á útjólátré. Dagur íslenskrar tónlistar 3. desember. Jólaföndurdagur foreldrafélagsins á aðventunni. Jólaball foreldrafélags í vikunni fyrir jól. Þrettándinn 6. janúar. Bóndadagur. Dagur stærðfræðinnar 2. febrúar. Dagur leikskólans 6. febrúar. Konudagur. Bolludagur. Sprengidagur. Öskudagur. Sumardagurinn fyrsti. Sveitaferð á vegum foreldrafélagsins í maí. Þjóðhátíðardagurinn 17. Júní.

## Sumarleyfi barna og starfsmanna

Allt þar til sumarið 2020 var skólinn lokaður í 4-5 vikur um miðbik sumars en nú hafa verið gerðar tvennskonar „prufur“ á öðru fyrirkomulagi. Sumarið 2020 var skólinn lokaður í tvær vikur, skólinn var svo opinn allt síðastliðið sumar/ár. Í janúar síðastliðnum var sú ákvörðun tekin af skólanefnd og sveitarstjórn, eftir tillögu skólastjóra Álfaborgar, að leikskólinn yrði lokaður í fjórar vikur sumarið 2022 en boðið yrði uppá daggæslu þessar sömu vikur. Í ljós kom að engar umsóknir bárust um daggæslu-úræðið svo engin starfsemi verður í Álfaborg frá 11. júlí til 5. ágúst. Sumarleyfi starfsmanna eru sex vikur svo nokkuð mikil skörun verður á starfsmannahald í júní.

## Próunarstarf og símenntun

Ábyrgð á símenntun kennara er á hendi skólastjóra og tekið var mið af áherslum skólstarfsins. Tækifæri til símenntunar lituðust auk þess af áhrifum Covid-19 en sem betur fer var boðið uppá nokkur námskeið á Teams. Kennarar voru hvattir til að sækja námskeið, og nýta símenntunarsjóði sem þeir hafa aðgang að, til þess að auka við þekkingu sína.

## Símenntunaráætlun

Skv. 7. gr. laga um leikskóla á hver skóli að vera með áætlun um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað. Símenntunaráætlun þarf að vera í samræmi við áherslur leikskólans, viðkomandi sveitarfélags og skólanámskrár og hún á að styðja við skólastarfið. Um rétt leikskólastjóra og starfsfólks leikskóla til símenntunar fer samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum. Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti, annars vegar símenntun sem skólastjóri ákvarðar og hins vegar þá sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig og starfið. Skólastjóri metur almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum eða á grundvelli innra mats.

## Helstu áhersluþættir símenntunar skólaárið 2021-2022:

- Uppbyggingarstefnuna - efling sjálfsaga til ábyrgðar, uppeldi til ábyrgðar. • Starfsmenn, sem ekki hafa þegar farið, sækja námskeið um vináttuverkefnið Blær (fri for mobberi) og kennarar sem hafa ekki TRAS réttindi sækja samnefnt námskeið. • Skyndihjálparnámskeið – bóklegur hluti rafrænt á haustmisseri.
- Önnur stjórnenda-, sérkennslu- og kennslufræðinámskeið eftir framboði og eftirspurn.

*Starfsmenn unnu þrekvirki í að leysa hvor annan af til að geta sótt þessi fjölmörgu námskeið.*  
Undirbúningur var ma fluttur til milli daga eftir þörfum til að einfalda afleysingu:

10

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

Heiti námskeiðs/ráðstefnu	Fjöldi og starfsheiti þátttakenda
---------------------------	-----------------------------------

Uppbygginarstefnan – Uppeldi til ábyrgðar	Allir kennarar Álfaborgar (12) +Valsárskóli
Fræðsla frá barnavernd og verkefnastjóra barnvæns samfélags á Akureyri - kynning	Allir kennarar Álfaborgar (12)
Íhlutun/starfsferlar barnaverndar Akureyrarbæjar ef upp kemur grunur um ofbeldi gegn börnum	Allir kennarar Álfaborgar (12)
Forvarnir gegn kynferðisofbeldi, Þuríður Lilja Rósenbergsd námsráðgjafi í Álfaborg/Valsárskóla	Allir kennarar Álfaborgar (12)
Kynning á stoðþjónustu Akureyrarbæjar vegna þjónustu sérkennslumála og greiningarferli, Elva	Allir kennarar Álfaborgar (12)
Vináttuverkefnið Blær, tónlistarnámskeið 3-6 ára. Staðnámskeið hjá Endurmenntun HÍ	Tónlistarmenntaður leiðbeinandi B
Vináttuverkefnið Blær, 0-6 ára. Stað- og fjarnámskeið hjá Endurmenntun HÍ	Starfsmenn af tveimur eldri deildunum (6)
TRAS - skráning á málþroska ungra barna 2-5 ára Réttindanámskeið á vegum Endurmenntunar HÍ	Deildarstjóri/staðgengill skólastjóra Leiðbeinandi elstu barnanna
Markvissar aðgerðir í kjölfar TRAS. Staðnámskeið hjá Endurmenntun HÍ	Sérkennslustjóri
Vettvangsferðir til að kynna sér fyrirkomulag sérkennslumála og starf Sérkennslustjóra	Sérkennslustjóri Skólastjóri
Slysavarnanámskeið, bóklegt – á netinu	Allir (12)
AEPS færnimiðað matskerfi 0-6 ára Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Sérkennslustjóri
Leikskóli fyrir alla - hagnýtar, einfaldar og jákvæðar aðferðir sem bæta hegðun og líðan. Fjarnámskeið á vegum Endurmenntunar HÍ	Sérkennslustjóri
Leikur og lítil börn - stærðfræði í leikskóla. Fjarnámskeið á vegum Endurmenntunar HÍ	Deildarstjóri/staðgengill skólastjóra Leiðbeinandi elstu barnanna
Matarópol og matarofnæmi - næringarfræði. Fjarkynning á vegum Heilsueflandi skóla	Leiðbeinendur (3)
Styrkleikar og hagnýting þeirra í starfi. Fjarkynning á vegum Heilsueflandi skóla	Leiðbeinendur (3)
Vinir Zippýs, geðræktarnámsefni fyrir börn 5-7 ára Fjarnámskeið á vegum Embættis landlæknis	Leiðbeinandi elstu barnanna
Verkefnastýring með Teams, OneNote, Outlook, SharePoint. Fjarnámskeið á vegum	Leikskólastjóri

Endurmenntunar HÍ	
Grunnkerfi Karellen, fjarnámskeið Mentor/Karellen	Deildarstjóri (2) og leikskólastjóri
Hvatning og starfsánægja - áhrif stjórnenda. Fjarnámskeið á vegjum Endurmenntunar HÍ	Leikskólastjóri
5-4-1: Leikskipulag fyrir árangursríka fundi. Fjarnámskeið á vegum Endurmenntunar HÍ	Leikskólastjóri
Breytt starfsmannasamtöl - snerpusamtöl Fjarnámskeið á vegum Endurmenntunar HÍ	Leikskólastjóri

11

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

### **Sóttvarnir, veikindi og samkomutakmarkanir**

Foreldrar, börn og starfsfólk Álfaborgar hefur ekki farið varhluta af hertum samkomutakmörkunum, og áskorunum sem því fylgdu, og hafa í raun unnið þrekvirki í að halda uppi reglulegu skólastarfi. Töluverð vinna fór í að túlka reglugerðir og leggja mat á hvernig hægt var að koma til móts við þær og halda uppi skólastarfi um leið. Allt starfsfólk vann með grímur þegar takmarkanir voru sem harðastar. Fleira var gert til að takmarka samskipti og var skólinn lokaður fyrir gesti og foreldra meira og minna frá hausti 2021 fram að áramótum. Auk þess voru skólarnir tveir í sitthvoru sóttvarnahólfinu sem skerti mjög samstarf stjórnenda-, kennara- og nemenda Valsárskóla og Álfaborgar. Í febrúar síðastliðnum voru flestar sóttvarnir lagðar af í landinu og veiktist allt starfsfólk og mörg börn. Veikindatímabilið stóð yfir í febrúar og mars. Yngri nemendur virtust sleppa sæmilega frá veirunni en margt starfsfólk fann fyrir töluverður einkennum og voru sumir lengi að ná fullri orku og nokkrir fengu slæma lungnabólgu upp úr Covid veikindunum. Fleiri pestir herjuðu svo á nemendur í mars og apríl og þá kom ekki sá dagur þar sem öll börn voru mætti í skólann.

### **Foreldrafélag**

Í Álfaborg er starfandi foreldrafélag. Helstu markmið félagsins eru að stuðla að meiri og bættari tengslum heimila og skóla, að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við skólafyrirvöld, að stuðla að framkvæmdum í þágu skólans, að örva og styðja félags- og menningarstarf innan skólans og að stuðla að upplýftingu foreldra/forráðamanna og nemenda a.m.k. einu sinni á ári. Foreldrafélagðið hefur m.a. annast sveitaferð um sauðburðinn og fleiri tilfallandi upptækur, s.s. leiksýningu fyrir börnin. Sú nýbreytni var í vetur að jólaföndur og jólaball var alfarið á vegum foreldrafélagsins og því í umsjón foreldra.

### **Stjórn foreldrafélags Álfaborgar 2021-2022**

Hafrún Helga Arnardóttir, formaður.

Alma Sigríður Þórólfsdóttir, varaformaður.

Númi Stefánsson, gjaldkeri.

Sigríður Edda Ásgrímsdóttir, ritari.

Bjarni Þór Guðmundsson, Jóhanna Ester Guðmundsdóttir og Anna Nidia G

Tulinius.

## Áheyrnarfulltrúi foreldra Álfaborgar í skólanefnd

Hafrún Helga Arnardóttir.

### Fulltrúar í skólaráði

Vilhjálmur Rósantsson, var fulltrúi foreldra í Álfaborg og varamaður hans var Halldóra S. Halldórsdóttir.

## Foreldrasamstarf

Menntun og uppeldi er samvinnuverkefni skóla og heimila. Þessi svið skarast meira og minna og því þarf samvinna að vera nánin. Sameiginleg verksvið skóla og heimila geta m.a. falist í eftirfarandi;

- að rækta farsæla mannkosti svo sem ábyrga hegðun, virðingu í samskiptum og vingjarnleika
- að efla skilning á mikilvægi menntunar
- að vera hvetjandi og efla gleðina í starfi og leik

12

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

Með því að vinna sameiginlega að menntun og uppeldi á þennan hátt er stuðlað að vellíðan og þroska nemenda á jákvæðan hátt. Foreldrar bera þó alltaf frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna. Hins vegar ber leikskólanum að veita foreldrum stuðning við uppeldið. Velferð barna er leiðarljós laga um leikskóla, auk barnasáttmálans, og með það í huga ber skólastjóra að stuðla að samstarfi foreldra og kennara leikskóla. Í foreldrasamstarfinu vega dagleg samskipt þyngst og þar hefur Covid-19 spilað inn í og við höfum saknað þessara mikilvægu samskipta.

Allir viðburðir eru auglýstir sérstaklega á foreldrasíða leikskólans á Fésbók, tilkynningar sendar í tölvupósti og matseðill og viðburðadagatal sett mánaðarlega á fyrrnefnda síðu og í Karellen. Þá fá foreldrar að jafnaði vikulega pósta frá deildarstjórum um framvindu starfsins á deildinni. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann sem styður við leikskólastarfið með fjölbreyttum hætti þó Covid-19 hafi óneitanlega sett strik í reikninginn undanfarin ár. Sameiginlegt skólaráð Álfaborgar/Valsárskóla er einnig starfandi samkvæmt lögum en það hefur umsagnarétt um allar meiriháttar breytingar í starfinu.

### Fyrsta viðtal

Allir nýir foreldrar eiga samtali við deildarstjóra, og eftir atvikum skólastjóra, í aðlögunar viku barnsins þar sem stefna og vinnubrögð skólans eru kynnt, farið yfir helstu áherslur í starfinu og annað sem foreldrar óska eftir að fá upplýsingar um. Í fyrsta formlega samtali foreldra við deildarstjóra er starf deildarinnar kynnt og farið yfir áherslur og spurningum svarað. Samningur um leikskóladvöl barnsins er svo undirritaður.

### Kynningarfundir

Einn almennur kynningarfundur var í lok september og var mæting foreldra afar góð, liðlega 80% foreldra sóttu fundinn. Eftir stutta kynningu á stefnu skólans og vetrarstarfinu framundan var foreldrum boðið inná deild síns barns og rabbað og rætt um starfið á viðkomandi deild.

### Foreldrasamtöl

Foreldrar og kennarar hittast í skipulögðu samstarfi, ma á fyrrgreindum kynningarfundum á

skólastarfinu að hausti.

Boðið er upp á tvö formleg foreldrasamtöl; það fyrra að hausti og síðara á vormisseri. Tilgangur samtanna er að ræða framvindu í þroska og um líðan barnsins. Helstu stoðir í viðtölunum voru TRAS og HLJÓM -skráningar auk sérstaks viðtalsramma um þroska og framfarir. Auk þessa hafa foreldrar og kennarar óskað eftir fundi ef ástæður hafa kallað á. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann auk þess sem þeir eru hvattir til að hafa samband með símtölum eða tölvupósti.

### **Viðtalstímar kennara**

Viðtalstímar kennara eru eftir samkomulagi. Foreldrar/forráðamenn geta alltaf hringt á skólatíma og óskað eftir samtali, auk tölvupóstsamskipta.

## **Samstarf leik- og grunnskóla**

### **Skipulag samstarfs leik- og grunnskóla**

Flest börn sem hefja nám í 1. bekk Valsárskóla hafa verið hjá okkur í Álfaborg. Samstarf milli leik- og grunnskóla er mikilvægt bæði hvað varðar samfellu í námi og einnig til að nemendur verði sem best búnir undir að færast úr leikskóla í grunnskóla og að auka samvinnu kennara á milli skólanna. Samþættingin felst í því að nemendur á síðasta ári í leikskólanum og nemendur

13

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

1. og 2. bekkjar eru saman í námi og leik („leikur að læra“ námsefnið), í íþróttum og tónlist og snæða einnig morgun- og hádegisverð í Valsárskóla. Í vetur voru mánudagar helgaðir þessu starfi og reyndist vel að hafa tímana í samfellu. Umsjónarkennari í 1.-2. bekk skipuleggur starfið í samráði við leikskólakennarana í Álfaborg, ár hvert. Einnig er sameiginlegur útiskóli með tveimur elstu árgöngunum okkar og 1.-2. bekk Valsárskóla. Krummar og Spóar fara í útiskólann alla miðvikudaga og annan hvern tíma eru 1.-2. bekkur með ásamt kennurum sínum. Eins og komið hefur fram setti Covid strik í reikninginn þar sem skólarnir voru í sitt hvoru sóttvarnarhólfinu stóran hluta vetrar. Stefnt er að því að þróa þetta samstarf betur og má segja að samstarf sem þetta sé einstakt og er þannig hluti af sérstöðu skólanna.

## **Nefndir um málefni Álfaborgar/Valsárskóla**

### **Skólanefnd**

Skólanefnd Svalbarðsstrandarhrepps fer með málefni Álfaborgar og Valsárskóla. Í nefndinni sitja þrjú aðalfulltrúar skipaðir af sveitarstjórn. Þeim til viðbótar situr einn áheyrnarfulltrúi kennara frá hvoru skólastigi, þ.e. leik- og grunnskólans og einn til vara hvoru megin. Áheyrnarfulltrúarnir eru kosnir til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar foreldra eru einnig tveir þ.e. fulltrúi foreldra leikskólans og fulltrúi foreldra grunnskólans og annar til vara. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt.

### **Fulltrúar í skólanefnd 2021-2022**

Inga Árnadóttir formaður.

Árný Þóra Ágústsdóttir.

Sigurður Halldórsson.

Auk þeirra starfa skólastjórnarnir Margrét Jensína Þorvaldsdóttir og María Aðalsteinsdóttir með nefndinni, skipuleggja fundi og boða til þeirra.

Hafrún Helga Arnadóttir er áheyrnarfulltrúi foreldra í Álfaborg.

Hanna Sigurjónsdóttir er áheyrnarfulltrúi kennara í Álfaborg.

## Skólaráð


Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreki leik- og grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Skólanefnd og sveitarstjórn hafa samþykkt sameiginlegt skólaráð Álfaborgar og Valsárskóla.

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90, 2008 kemur fram í 11. gr. að hlutverk foreldra-/skólaráðs sé að gefa umsagnir til leik- og grunnskóla, auk skólanefndar. Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár sbr. 2. mgr. 4. gr. um skólanámskrár og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Skólaráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leik- og grunnskólastarfi.

## Fulltrúar í skólaráði 2021-2022

- Margrét Jensína Þorvaldsdóttir skólastjóri Álfaborgar og til vara Hanna Sigurjónsdóttir.
- María Aðalsteinsdóttir skólastjóri Valsárskóla og til vara Svala Einarsdóttir. -Steingerður Kristjánsdóttir fulltrúi foreldra í Valsárskóla, varamaður er Þóra Sigríður Torfadóttir.
- Ásrún Aðalsteinsdóttir fulltrúi kennara í Valsárskóla, varamaður hennar er Harpa Helgadóttir.
- Arnrún Brynjólfsson og Tryggvi Unnsteinsson fulltrúar nemenda Valsárskóla. -Þórdís Eva Þórólfsdóttir fulltrúi kennara í Álfaborg og Hanna Sigurjónsdóttir varamaður hennar.
- Auður Hafþórsdóttir fulltrúi starfsm. Álfaborgar, varamaður er Gísli Arnarson úr Valsárskóla.

14



Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

-Vilhjálmur Rósantsson fulltrúi foreldra í Álfaborg og varamaður hans, Halldóra S. Halldórsdóttir.

## Fundir á skólaárinu 2021-2022

Fundir eru kl. 14:15

22. september 2021

16. febrúar 2022

20. apríl 2022

## Öryggismál

Slys gera ekki boð á undan sér. Eldvarnareftirlit er í leikskólanum og börnin, ásamt kennara, ganga mánaðarlega um húsið og fara yfir öryggisatriði er varða eldvarnir í húsinu. Slökkviliðið kom á rýmingaræfingu í Álfaborg/Valsárskóla, auk þess sem Logi og Glóð komu í heimsókn og elsut börnin nutu umferðarfræðslu sem var í höndum lögreglunnar. Lögreglan kom einnig í heimsókn á hjóladegi til að skoða reiðhjól barnanna og fræða þau um öryggi. Öryggisyfirferð á garði, sérstaklega eftir helgar, er á höndum kennara og opinber úttektaraðili kom í árlega skoðun á garði og leiktækjum. Smávægilegar athugasemdir voru gerðar og brást húsvörður við og leysti úr því. Klemmuvarnir reyndust vera af skornum skammti og pumpur á hurðum voru yfirfarnar, auk þess sem hugað var sérstaklega að eldvarnarhurðum og slökkvitækjum.

## Öryggisnefnd

Sameiginleg öryggisnefnd er fyrir Álfaborg/Valsárskóla. Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir gerðum áætlunum, úttektum opinberra eftirlitsaðila og að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir.

*Í öryggisnefnd sitja:*

Auður Hafþórsdóttir (Álfaborg) öryggistrúnaðarmaður.

Helgi Viðar Tryggvason (Valsárskóli) öryggistrúnaðarmaður

María Aðalsteinsdóttir (Valsárskóli) öryggisvörður

Margrét Jensína Þorvaldsdóttir (Álfaborg) öryggisvörður

Tómas Ingi Jónsson umsjónarmaður fasteigna.


### **Rýmingaráætlun**

Í öryggisráði sitja Margrét Jensína skólastjóri, María Aðalsteinsdóttir skólastjóri, Tómas Ingi Jónsson umsjónarmaður fasteigna Svalbarðsstrandarhrepps, Auður Hafþórsdóttir öryggistrúnaðarmaður Álfaborgar, Helgi Tryggvason öryggistrúnaðarmaður Valsárskóla. Þeim ber m.a. að sjá til þess að rýmingaráætlun sé uppfærð og endurskoðuð og rýmingaráæfing verði haldin a.m.k. einu sinni á ári. Rýmingaráæfingar voru haldnar í samvinnu við fulltrúa frá Öryggismiðstöðinni sem sér um brunakerfið. Í viðbragðsteymi við rýmingu eru Tómas Ingi rýmingarstjóri og þær Margrét og María fyrsti viðbragðsaðili í hvorum skóla.

### **Fáliðunarstefna leikskólans**

Viðmið vegna lánmarksönnunar í Áfaborg. Markmið með þessari stefnu er að tryggja öryggi barnanna barnanna vegna manneklu. Ef upp koma þær aðstæður í leikskólanum vegna fáliðunar að stjórndur telji öryggi barnanna ekki tryggt, er haft samband við foreldra.

15 h



Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

*Viðmið um fjölda barna á hvern starfsmann eru:*

- 9 mán.-1 árs – 3 börn
- 1 árs – 4 börn
- 2 ára – 5 börn
- 3 ára – 6 börn
- 4 ára – 8 börn
- 5 ára – 10 börn

Hringt verður í foreldra, sem óskað er eftir að sækja börn sín hverju sinni, og leitast við að vinna þetta í sem bestu samráði, þ.e. skólinn tekur tillit til aðstæðna foreldra hverju sinni, en gætir engu að síður fulls jafnræðis. Skólastjóri og/eða staðgenglar sjá um að hafa samband. Hlutverk skólaráðs

### **Húsnæði**

Árin 2020-2022 var unnið að metnaðarfullum endurbótum á húsnæði leikskólans og útileiksvæði fyrir ungbarnadeildina Hreiður klárað. Litill nýr kastali með rennibraut, rólum og sandkassa njóta sín vel á nýju og vönduðu gerfigrasundirlagi og ríkir mikil ánægja á ungbarnadeild með svæðið. Byrjað var á að endurnýja stóra garð og áfanga I lokið. Nýjum og stærri geymsluskúr var komið fyrir á lóðinni og keyptur stærri kastali sem komið var fyrir síðastliðið haust. Nýtt vinnurými kennara var skipulagt frá grunni haustið 2020 og búið góðum tölvu- og húsbúnaði með þremur vinnustöðvum með hækkanlegum vinnu/skrifborðum og gjörbreytir allri vinnuaðstöðu kennara til hins betra. Á sama hátt var skrifstofa skólastjóra endurnýjuð frá grunni. Opnanleg fög voru sett í glugga skrifstofu

skólastjóra og í kaffistofu. Öll ofangreind rými voru máluð og lýsing endurnýjuð með orkusparandi led-ljósum. Forstofur framan við báðar deildir voru málaðar og endurnýjaðar. Gömlu fatahólfín voru rifin og nýjum og vönduðum, stærri hólfum komið fyrir. Hitarör eru undir öllum hólfum til að blautir gallar og stígvél þorni fljótt. Tveir nýir sófar voru keyptir, einnig margskonar hirslur og skilrúm til að hólfa niður stóru herbergin tvö, Rjóður og Kvist. Skilrúm og ný skiptiborð voru sett upp á Hreiðri.

### **Viðhald**

Annað smáviðhald var að öðru leyti samkvæmt áætlun en ráðist verður í áfanga II við að lagfæra lóð í stóra garði í sumar. Komið var upp lágri girðingu sem skiptir stóra garði í tvö svæði – þetta er mikið öryggisatriði því þegar börnum og kennurum fækkar þegar líður á daginn. Afar erfitt var að ná yfirsýn yfir þessa stóru lóð og er mun öruggara að loka hólfinu sem nær fyrir horn leikskólans en með því skapast öruggt svæði fyrir framan skólann sem er einfaldara að gæta.

### **Lokaorð**

Það sem skólastjóra er efst í huga, þegar litið er til síðastliðins árs, er það þrekvirki sem starfsmenn hafa unnið í gegnum súrt og sætt. Við lítum björtum augum á lífið og tilveruna, göngum glöð til vinnu. Það er trú mín að muni skila sér ríkulega til barna og uppeldisstarfsins alls næsta skólaár. Við hlökkum öll til að geta tekið upp eðlilegt skólastarf í samstarfi við börnin og ykkur foreldrar góðir, nú eftir sumarlokun.